

Útaf þessu skal yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frek- **137**  
ari birtingar, að stjórnarráðið er yður öldungis samdóma um skilning umræddra 16. des.  
laga.

**Bréf stjórnarráðsins til borgarstjórans í Reykjavík um endurgjald á veittum 138**  
sveitarstyrk. 28. des.

Bæjarfógetinn á Akureyri hefir með bréfi, [dags. 22. f. m., áfrýjað til stjórnarráðsins úrskurði bæjarfógetans í Reykjavík, dags. 24. sept. þ. á., um endurgjald á sveitarstyrk veittum stúlkunni Guðríði Einarsdóttur, sem viðurkend er sveitlæg í Reykjavíkurbæ, en í úrskurði þessum er svo ákveðið, að Reykjavíkurbær skuli eigi greiða Akureyrarbæ meira af nefndum styrk en hann þegar hefir greitt.

Útaf þessu skal yður, herra borgarstjóri, hérmeð tjáð til leiðbeiningar, að með því að stjórnarráðið verður að telja hinn áfrýjaða úrskurð réttan, á hann að standa óhaggður.

Úrskurður bæjarfógeta:

Með bréfi, dags. 21. þ. m., hafið þér, herra borgarstjóri, beiðst úrskurðar míns um ágreining milli bæjarstjórnanna á Akureyri og í Reykjavík útaf endurgjaldi á styrk veittum kvenmanninum Guðríði Einarsdóttur.

Haustið 1909 veiktist nefnd Guðríður Einarsdóttir, sem er viðurkend sveitlæg hér í bænum, en þá átti heima á Akureyri, og var henni komið þar á sjúkrahúsið eftir fyrirskipun læknis. Legukostnaður hennar var alls 47 kr. 30 au., og krefst Akureyrarbær endurgreiðslu á öllum þessum styrk, með því að hér sé um spítalakostnað að ræða, sem beri að endurgjalda allan eftir 77. gr. fátækralaganna, án frádráttar eftir 63. gr. Fátækra stjórnin í Reykjavík hefir endurgreitt  $\frac{2}{3}$  hluta umrædds kostnaðar og heldur því fram, að fátækra sjóður Akureyrar eigi ekki endurgjaldsrétt á meiru þarsem ákvæði 63. gr. fátækralaganna sé skýlaust.

Það er að visu svo, að 77. gr. kveður svo á um, að framfærslusveit greiði sjúkrahúskostnað þurfalings alt að 200 kr. á ári, en landssjóður hitt, en með þessu ákvæði virðist alls eigi tilgangurinn að gera neina undantekning frá hinni almennu reglu laganna um viðskifti sveitarfélaga í milli, sbr. 63. gr., heldur aðeins kveða á um það, hve mikið af kostnaði þessum skuli greiða úr viðkomandi sveitarsjóði og hve mikið úr landssjóði, sbr. yfirskrift kafa þess, er 77. gr. er í. Að hér er aðeins nefnd framfærslusveit, virðist koma til af því, að gera má ráð fyrir, að venjulega sé spítalakostnaðurinn á kominn eftir ráðstöfun hennar, er hann er orðinn svo mikill að nemi 200 kr. Það virðist því eiga að fara um fyrgreindan kostnað við sjúkrahúslegu Guðríðar Einarsdóttur eins og um annan fátækra styrk.

Því úrskurðast, að Reykjavíkurbær skuli vera laus við að greiða þann þriðjung frammannefnds sjúkrahúskostnaðar Guðríðar, sem enn er ógreiddur Akureyrarbæ og ágreiningurinn er um,